

Skýrsla Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness árið 2008.

Flutt á aðalfundi félagsins 29. apríl 2009

Gott kvöld ágætu foreldrar.

Stjórn foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness starfsárið 2008-2009 var skipuð Örnú Hansen, Erlu Gísladóttur, Guðrúnu Jónsdóttur, Helgu Bryndísi Jónsdóttur, Maríu Fjólu Pétursdóttur, Sólveigu Magnúsdótturk, Ragnheiði Ævarsdóttur og Sigurlaugu Vilhelmsdóttur. Ég vil vekja athygli á því að nöfn meðlima í foreldrafélaginu eru á heimasíðu skólans ásamt netföngum og það er um að gera ef ykkur liggur eitthvað á hjarta að senda okkur línu. Einnig verður þessi skýrsla sett í heild sinni á heimasíðu skólans, undir flipann foreldrar / foreldrafélag og þar undir fundargerðir.

Fyrsta verk stjórnarinnar s.l. vor var að skipuleggja og halda vorhátíð sem fór fram í blíðskaparveðri þar sem um 400 pylsur voru grillaðar og hoppukastalar prýddu planið fyrir framan skólann.

Snemma í haust voru svo fulltrúar foreldrafélagsins með kynningu á hinum árlegu námsefniskynningum í upphafi skólaárs. Eins var haldin kynning á foreldrafélaginu fyrir bekkjarfulltrúa í október.

Þeir viðburðir sem félagið hefur komið að skipulagning hafa verið hefðbundir og með föstu sniði þetta árið sem fyrr. Þátttaka hefur nánast undantekningalaust verið mjög góð.



Laufabrauðsbakstur fór fram laugardaginn 24.nóvember. Í ár gerðum við ráð fyrir að selja 2000 kökur en reynslan hefur sýnt að þetta hefur verið sá fjöldi sem hefur verið að seljast hjá okkur. Það reyndist hins vegar vera metmæting þetta árið, við bættum við 400 kökum. Hefðum getað selt meira ef við hefðum ekki verið búin með laufabrauðin í Björnsbakaríi. Starfsfólkið í bakaríinu reyndist mjög vel og okkur tókst að fá kökurnar á sama verði og Bónus ætlaði að selja okkur laufabrauð. Einnig höfðum við farið 3 ferðir í Hagkaup til að kaupa meiri steikningarfeiti. Við í foreldrafélaginu vorum svo eitthvað frameftir við að þrifa eldavélarnar og hlusta á jólalög.



Í vikunni eftir laufabrauðsbaksturinn vorum við með bókakynningu í samstarfi við bókasafnið á Eiðstorgi. Rithöfundurinn Helga Kristín Gunnarsdóttir las upp úr bók sinni Fíásól er flottust, Gerður Kristný upp úr Garðinum og að lokum las Sigrún Eldjárn fyrir okkur úr bókinni Eyja Sólfuglsins. Okkur tókst að fylla herbergið á bókasafninu og piparkökurnar og svalinn kláraðist strax. Rithöfundarnir hrósuðu krökkunum okkar fyrir gott hljóð og við áttum mjög hátíðlega og skemmtilega stund saman.



Á þrettándanum var svo hin hefðbundna brenna á sínum stað. Lagt var af stað frá Mýró kl. 17 í einni halarófu með kyndla í hönd eftir að skólalúðrasveitin hafði spilað fyrir okkur nokkur lög undir stjórn Kára Húnfjörð. Félagar í áhugamannaleikhúsi Seltjarnarness tóku að sér að leika álfakóng og álfadrottningu og stóðu sig með miklum sóma. Bið brennuna sjálfa var svo sungið við undirleik Dýra Guðmundssonar og foreldrafélagið gaf öllum þeim sem vildu stjörnuljós. Margir lögðu hönd á plóg við að gera álfabrennuna sem glæsilegasta og þökkum við öllum kærlega fyrir sitt framlag.

- Öskudagurinn var með breyttu sniði þetta árið, haldinn 25. febrúar. Ekki var gefið frí í skólanum eins og tíðkast hefur undanfarin ár og fór skemmtunin fram í matsalnum í Mýró. Sigurlaug Vilhelmsdóttir var verkefnistjóri Öskudagsins fyrir hönd foreldrafélagsins og skipulagði daginn í samstarfi við Selið og starfsfólk skólans með miklum myndarbrag.

Tvær skemmtanir voru haldnar á sal skólans og voru þær með svipuðu fyrirkomulagi og hófust báðar með tunnuslætti.

Sú fyrri var fyrir 1.-3. bekk og sá Jóhann Örn danskennari um kynningu, stjórnaði leikjum og dansi sem hentaði þessum aldurshópi, eins og honum einum er lagið. Lalli töframaður mætti og töfraði alla upp úr skónum. Seinni skemmtunin var fyrir 4.-6. bekk og sem fyrr stjórnaði Jóhann Örn af sinni alkunnu snilld og mátti ekki á milli sjá hvort skemmtu sér betur nemendur eða kennarar við að dansa diskó við lög Micheal Jackson.

Foreldrafélagið sá um að útvega nammipoka sem kennarar sáu um að dreifa til nemenda. Það var mál manna að skemmtunin hafi heppnast vel en börn í 1. bekk höfðu farið í kröfugöngu til að mótmæla breyttu fyrirkomulagi á deginum eitthvað sem þau sáu daglega í sjónvarpinu á þessum tíma, febrúar 2009.

Annað sem ber að nefna er:

- Foreldraröltið var skipulagt í samvinnu við Möggu í Selinu. Það hefur allt gengið vel og að mér vitandi þá hefur verið um að ræða tvær helgar sem það hefur fallið niður. Lítið sem ekkert hefur verið um eftirlitslaus party og unglíngarnir okkar til fyrirmyndar í alla stað.
- Árlegt bæjastjóraspjall á skrifstofu bæjarstjóra. Við létum í ljós ánægju okkar með snör viðbrögð við beiðni okkar um að falla frá fækkun bekkja í verðandi 3. og 4. bekk.
- Fulltrúi foreldrafélagsins sat kynningu frá Lögregluembættinu á höfuðborgarsvæðinu á löggæslu í sveitarfélaginu. Skemmst er frá því að segja að Seltjarnarnesið kom mjög vel út á öllum mælikvörðum. Innbrotum hefur fækkað með tilkomu grenndargæslu og Securitasbifreiðar og eitt umferðarslys eru með því minnsta sem gerist eða eitt árið 2007.
- Til stóð að styrkja Grunnskólann um ljósbúnað eftir að beiðni barst frá leiklistar og tónmenntakennurum skólans. Hins vegar hækkaði sá reikningur ískyggilega með vorinu og því varð ekki hægt að verða við þeirri beiðni.
- Foreldrafélagið fékk Ólínu aðstoðarskólustjóra og Guðlaugu skólustjóra á fund vegna eineltisumræðu sem var áberandi nú í mars en það einelti virðist vera viðvarandi vandamál í 4., 5. og 6. bekk. Eins fengum við Hauk Geirmundsson framkvæmdastjóra íþrótt-, æskulýðs- og tómsbundamála bæjarins á fund vegna skorts á eftirliti með börnunum í íþróttatímum.
- Magga í Selinu hefur verið tíður gestur á fundum hjá okkur, bæði til að veita aðhald í þeim verkefnum sem snúa að henni og hennar unglíngum og eins fyrir okkur að leita ráða en konan er hafsjór upplýsinga og ómissandi fyrir bæjarfélagið.

- Þátttaka í 4 fundum hjá samráðshópi um áfengis- og vímuvarnir sem haldnir hafa verið. Meðal þess sem farið var í gegnum á þeim fundum var skýrslu sem gerð var á Högum og líðan fólks á Seljtarnarnesi þmt. vímuefna- og áfengisnotkun unglunga í 8. 9. og 10. bekk í Való sem Rannsóknir og greining hjá HR gerði fyrir bæjarfélagið. Þetta er könnun sem gerð hefur verið undanfarin 11 ár um allt land. Við komum mjög vel út úr könnuninni og er almenn áfengis- og tóbaksnotkun með því lægsta sem gerist í þessum árgöngum á landinu. Hins vegar er munn- og neftóbaksnotkun tvöfalt algengari í 10. bekk í Valhúsaskóla en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Hvort skýringin er að þetta sé tóbak íþróttamannsins en eins og þið vitið er mjög hátt hlutfall barna í Grunnskólanum sem æfir íþróttir með Gróttu, skal ósagt látið en þetta er eitthvað sem við þurfum að vera vakandi fyrir. Fulltrúar lögreglunnar töluðu um hvað ástandi hefði verið gott í sumar og eins var enginn rekinn úr bæjarvinnunni fyrir að reykja eins og undanfarin ár.
- Foreldrafélagið kostaði sýningu á 5. og 6 bekk svokallað Stjörnuver. Himingeimurinn var hluti af námsefni á miðstiginu kom þetta Stjörnuver í heimsókn í skólann. Það var mjög vel af þessu látið bæði af nemendum og kennurum og var kostanður kr. 80.000
- Til stendur að senda út fréttabréf nú í maí en það hefur farist fyrir það sem af er vetri.
- Framundan eru svo lokadansleikur í 5. júní í Való þar sem búið er að fá Pál Óskar til að troða upp. Það verkefni eitt og sér má segja að hafi tekið mestan tíma okkar stjórnarmanna. 10. bekkingar gátu ekki hugsað sér neitt annað en að fá Pál Óskar og pilturinn ákveðinn í að vera í frí fyrstu 6 mánuði ársins 2009. Nú voru góð ráð dýr og öllum klækjum og sjörnum beitt með þessum árangri.
- Einnig er framundan vorhátíðið okkar í Mýró, grillhátíð, hoppukastalar og tilheyrandi. Ásamt kaffi fyrir 10.bekkinga og foreldra þeirra að lokinni útskrift í kirkjunni

Upplýsingastreymi hefur verið gott á milli foreldrafélags og fulltrúa foreldra í skólaráði. Bæði hafa þau fjögur í skólaráði setið fundi hjá okkur og eins hef ég setið nokkra fundi með foreldraráðinu þegar tekið var á nokkrum brýnum málum að okkar mati, þ.e. foreldra.

Eitt af þessum brýnu málum var, fjölgun barna í bekkjum samfara fækkun bekkja í þremur árgöngum. Fleiri mál sem unnin voru í samvinnu við foreldrafélagið var skólanámskráin, en vangaveltur voru um vetrarfríð næsta skólaár. Þar sem foreldrar á Seltjarnarnesi kusu að hafa fríð samfellt að hausti fyrir þremur árum síðan var okkar niðurstaða að hrófla ekki við því heldur bæta inn spurningum í viðhorfkönnun skólans sem send verður út í haust og foreldrar leyfðir að kjósa umsjálfir. Svona soldið eins og vinstri grænir og aðild að ESB. Við veltum fyrir okkar umferðamálum og helstu gönguleiðum í skóla. Kostum og göllum þeirra en það var Baldur Grétarsson sem á heiðurinn af vinnu við tillögu til úrbóta til bæjaryfirvalda.

Við höfum unnið talsvert með nýja skólastjóranum Guðlaugu Sturlaugsdóttur og eins aðstoðaðskólastjórnunum Ólínu Thoroddsen og Baldri Pálssyni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Ég vil þakka öllum fráfarandi og áframsitjandi stjórnarmeðlimum kærlega fyrir stórskemmtilegt og árangursríkt starf og kaffispjall. Þið hafið látið vel að stjórn. Þið ykkar sem halda áfram störfum óska ég velfarnaðar á nýju starfsári.

Arna Hansen
Formaður Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness 2008-2009